

Fyrirspurn

til menningar- og viðskiptaráðherra um notkun íslenska fánans og fánalitanna við merkingar á matvælum.

Frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur.

1. Hvaða kröfur liggja að baki leyfisveitingum Neytendastofu fyrir notkun íslenska fánans og fánalitanna við merkingar á matvælum?
2. Hvert er umfang eftirlits Neytendastofu með notkun íslenska fánans og fánalitanna við merkingar á matvælum og hversu miklum fjármunum er varið til eftirlitsins?
3. Á hvaða viðmiðum og/eða stöðlum byggist mat Neytendastofu á einkennandi hluta vöru samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, sem lúta m.a. að framleiðslu vöru úr innfluttu hráefni?

Skriflegt svar óskast.